



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 11. fundur stjórnar KLÍ, 2012-2013

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Miðvikudagur 23.1.2013 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) formaður
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
Höskuldur Höskuldsson (HH)

Boðuð forföll: Ólafur Páll Vignisson (ÓPV)
Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ
Ingi Geir Sveinsson (IGS)
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður

Fjarverandi:

Fundarritari: HRS

Helstu mál: Árshátíð, Breyting á dagskrá, Önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Árshátíð:

Búið er að færa dagsetningu fyrir árshátíð KLÍ aftur um eina viku vegna dagskrárbreytinga sem gerðar voru vegna þátttöku unglinga í Evrópumóti unglinga.

ÞMÞ taldi nauðsynlegt að vinna við undirbúning hefjist sem fyrst og tók LHM undir það. Ekki er ljóst hverjir munu sjá um árshátíðina, en hún hefur verið notuð sem fjáröflun fyrir landsliðin og sér landsliðsnefndin um að úthluta þessu verkefni.

ÞMÞ mun óska eftir upplýsingum um hver staðan er.

2. Breyting á dagskrá:

Kynntar voru breytingar á dagskránni sem gerðar hafa verið. HRS sagði að búið væri að fá staðfestingu á brautarþöntunum frá Keiluhöllinni og að SSV er að vinna í því að koma breytingum inná heimasíðu KLÍ. HRS mun sjá um að koma þessum breytingum í kynningu.

3. Önnur mál:

Landsliðsnefnd:

Rætt var um stöðu landsliðsnefndar en engar ákvarðanir hægt að taka þar sem IGS komst ekki á fundinn.

Þjálfaramál:

Rædd var þörf á að KLÍ stæði fyrir námskeiðum fyrir þjálfara. Talið er nauðsynlegt að halda fyrsta og annars stigs námskeið fyrir þjálfara og var ÞMÞ falið að hefja undirbúning á því að KLÍ kæmi á þjálfaranámskeiðum.

Kvörtun:

HH spurði um hvernig staðið var að svari til Gerðar Jónsdóttur vegna kvörtunar hennar sem rædd var á síðasta fundi.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

ÞMP fræddi menn um að hann hafi rætt við eiganda Keiluhallarinnar um hvort hann gæti íhugað sættir í málinu, en hann taldi það ekki ganga eins og staðan var. Einnig ræddi ÞMP við Íþróttta og Ólympíusambandið og leitaði ráða hjá þeim áður en Gerði var svarað.

Útgáfa meðaltals:

ÞMP fór yfir ástæður fyrir seinkun á útgáfu meðaltals og voru þær helstar að vegna villu sem kom upp í meðaltali í nóvember var lögð vinna í að fyrirbyggja að það kæmi upp aftur. Auk þess voru gerðar breytingar á skráningarkerfinu sem eiga að auðvelda mönnum að gera nauðsynlegar breytingar þegar leikir færast milli mánaða, en allt þetta varð til þess að útgáfu meðaltals seinkaði.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:00.

Næsti fundur verður á skrifstofu KLÍ 6. febrúar kl. 17:30.